

Nd.

403. Nefndarálit

um frv. til laga um stofnun dócentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hlutinn játar að vísu, að skifta beri kenslu í íslenskri bókmenta-sögu og málfræði íslenskrar tungu í heimspekisdeild háskólans milli tveggja kennara, og er þess vegna því fyigjandi, að nokkur fjárhæð verði tekin upp í fjárlögin til málfræðikenslunnar við háskólann. Með þeim hætti hefir undanfarið verið sjeð fyrir kenslunni, og telur minni hlutinn eðlilegast, að svo verði þar til ný skipun er gerð um þjóðleg fræði við háskólann. En eins og mentamálanefnd gerði uppástungu um á síðasta þingi, þá mætti fela þjóðskjalaverði og fornmenja-verði nokkra kenslu í íslenskum fræðum við háskólann. Fleiri góðar tillögur mætti gera um samstarf háskólans og ýmsra embættismanna þjóðfjelagsins, sem andlegum störfum gegna. Með þeim hætti mætti án efa bæta úr þörfum háskólans og gera honum kleift að jafnast á við hvern háskóla sem er í íslenskum fræðum.

Af þessum ástæðum telur minni hlutinn ekki ástæðu til að samþykkja frumvarpið, heldur ráðlegt að taka aftur upp, að svo stöddu, sama fyrirkomulag í málfræðikenslunni og verið hefir til þessa.

Alþingi, 27. apríl 1925.

Ásgeir Ásgeirsson,
fundaskr., frsm.

Bernh. Stefánsson.